

# Aðalfundur 2010

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk var haldinn í húsakynnum Skógræktarfélags Reykjavíkur að Elliðavatni mánudaginn 26. apríl 2010 og hófst hann stundvíslega klukkan 20:00.

Formaður félagsins, Hannes Siggason, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Þorvaldur Ólafsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kannaði fyrst lögmæti fundarins samkvæmt félagslögum og úrskurðaði fundinn lögmætan. Hann tilnefndi Björgvin Salómonsson fundnarritara og var það samþykkt samhljóða.

Þá var gengið til dagskrár:

1.

Guðrún Ólafsdóttir las fundargerð síðasta aðalfundar, sem síðan var samþykkt án athugasemda.

2.

Hannes Siggason, formaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2009–2010. Haldnir voru sjö stjórnarfundir og einn almennur fræðslufundur á starfsárinu. Verkefnunum stjórnarinnar skipti formaður niður í sjö meginþætti:

a) Stjórnin gerði ítarlega úttekt á vegum og girðingum á svæðinu eftir mikil flóð og skemmdir sem urðu haustið 2009. Niðurstöður voru sendar stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur og einnig sveitarstjórn Mýrdalshrepps. – Nánar verður vikið að þessari skýrslu og viðbrögðum við henni undir liðnum önnur mál á dagskrá fundarins.

b) Að ósk SR vann stjórnin skýrslu um skógræktarverkefni á Fellsmörk síðastliðin 20 ár en SR hefur áhuga á að kaupa Fellsmerkurlandið af ríkinu. Í skýrslunni

kemur fram að landnemar hafa gróðursett 340.000 skógarplöntur á þessu tímabili, dreift 43 tonnum af áburði og fræi til uppgræðslu örfoka lands, látið gera skógræktaráætlun fyrir svæðið og látið GPS-mæla landnemaspildur á svæðinu.

- c) Nýir leigusamningar landnema og SR. Málið hefur að mestu legið niðri á liðnu starfsári, en landnemafélagið hafði áður lagt fyrir stjórn SR ný drög að leigusamningum.
- d) Möguleikar á rafvæðingu vegna sumarhúsa. Ekki hafa enn fengist svör frá RARIK hvað þetta snertir.
- e) Landgræðsluskógværkefnið. Landnemar unnu að þessu verkefni með sama hætti og undanfarin ár og vísast til sérstakrar skýrslu um það efni.
- f) Fræðslumál. Félagið gekkst fyrir fræðslufundi í nóv. 2009 þar sem Auður I. Ottesen garðyrkjufraðingur ræddi um berjarunnarækt og svaraði fyrirspurnum.
- g) Samband við stjórn SR. Hjalti Elíasson hefur setið í stjórn SR sem fulltrúi Félags landnema á Fellsmörk og var hann endurkjörinn á aðalfundi 7. apríl 2010.

---

Setin lönd á Fellsmörk eru 37, óbreytt frá síðasta ári. Ósetin lönd eru 28. Virkir landnemar eru taldir 59, en skráðir félagsmenn eru 62 og fækkaði um 3 á síðasta ári. Sextán sumarhús hafa verið byggð á svæðinu og 3 vinnuskúrar að auki. Er það óbreytt frá síðasta ári. Félagið heldur úti heimasíðu fyrir félagsmenn og hefur hún verið í umsjá Einars R. Sigurðssonar.

Á þessu ári eru liðin 21 ár frá því landnemar hófu starf á Fellsmörk en formaður minnti að lokum á, að þrátt fyrir það stæðu landnemar nú e.t.v. frammi fyrir meiri óvissu en nokkru sinni fyrr varðandi starf sitt. Kemur þar einkum til óvissa varðandi úrlausn og umbætur á aðgengi landnema að löndum sínum eftir flóðin s.l. haust, áframhaldandi óvissa um landnemasamninga og úthlutun landa sem og eldgosið í Eyjafjallajökli sem einnig kynni að hafa sín áhrif. En formaður hvatti landnema til að vinna af fullum krafti að skógræðslu á Fellsmörk og boðaði til starfa við landgræðsluskógværkefnið 19. júní næst komandi.

Að lokum þakkaði formaður stjórnarmönnum gott og traust samstarf sem og stjórnendum og starfsfólki Skógræktarfélag Reykjavíkur. (Skýrsla formanns fylgir í heild sinni með fundargerðinni).

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn kvaddi sér hljóðs og var skýrsla formanns samþykkt einróma með lófataki.

3.

Reikningar fyrir liðið starfsár. Kjartan Kárasón gjaldkeri kynnti reikninga félagsins. Eign á bankabók er kr. 133.025; ógreidd félagsgjöld kr. 56.000 sem skýrist af því að gíróseðlar voru sendir út ekki alls fyrir löngu.

Reikningarnir eru áritaðir athugasemdalaust af skoðunarmönnum félagsins. Fundarstjóri bar reikningana undir fundinn til samþykktar og voru þeir samþykkktir einróma. ( Reikningarnir fylgja í heild með fundargerðinni).

4.

Kosning stjórnar. Hannes Siggason var einróma kjörinn formaður félagsins næsta starfsár. Aðrir stjórnarmenn voru einnig kjörnir einróma en þeir eru:

Sigurlaug Guðmundsdóttir fyrir Heiðarbraut, Sveinn Baldursson fyrir Gilbraut, Valdimar Reynisson fyrir Hólsbraut, Hjalti Elíasson fyrir Dalbraut, Guðrún S. Ólafsdóttir fyrir Keldudal, Einar Ragnar Sigurðsson fyrir Hlíðarbraut. Hannes Siggason formaður er fulltrúi Króks.

Breytingar á stjórn eru þær að Sveinn Björnsson og Kjartan Kárasón ganga úr stjórn. Sigrún María Kristinsdóttir (á Heiðarbraut) starfaði með stjórninni í fjarveru Sveins Björnssonar en hún gaf ekki kost á sér til stjórnarsetu að þessu sinni.

Skoðunarmenn reikninga, Magnús Jóhannesson og Tryggvi Þórparson, voru endurkjörnir einróma.

5.

Ákvörðun um félagsgjöld fyrir næsta starfsár. Stjórnir lagði til að árgjöld yrðu óbreytt og var það samþykkt einróma.

6.

Formaður Hannes Siggason flutti skýrslu gróðurstenigarnefndar vegna landgræðsluskóga verkefnisins. Skýrslan fylgir í heild sinni með fundargerðinni.

7. Önnur mál.

Hannes Siggason tók til máls og vék máli sínu að skýrslu stjórnar félagsins um ástand vega á Fellsmörk og viðbrögð Skógræktarfélag Reykjavíkur við henni, en í loks skýrslunnar er bent á að allt starf landnema á Fellsmörk kunni að vera í uppnámi ef ekki fást úrbætur í samgöngum um svæðið. Óskaði hann eftir viðbrögðum landnema. Taldi hann skýrsluna hafa fengið jákvæð viðbrögð hjá SR og hefði formaður SR lýst því yfir að koma yrði samgöngum á Fellsmörk í varanlegt horf. Í mars hefðu formaður og framkvæmdastjóri SR farið ásamt Hjalta Elíassyni á svæðið. SR hefði síðan gert tillögu um ný vegarstæði á svæðinu.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefði einnig brugðist við og boðað alla hagsmunaaðila til fundar um málið.

Bað formaður Hjalta Elíasson því næst að kynna hugmyndir SR og skyra frá umræddum fundi sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps boðaði til.

Hjalti sýndi fyrst uppdrætti að tillögum SR að nýjum brautum að löndum landnema og miða þær að því að færa brautirnar bæði á vestursvæðinu og austursvæðinu upp af áraurunum og að þær liggji um hlðiðarnar neðanverðar. Á vestursvæðinu má teljast líklegt að þessi lausn geti gengið upp en á austursvæðinu skera brautirnar lönd landnema á Hlíðarbraut þannig að ólíklegt er að um það náist sátt. Þar þarf að kanna möguleika á að brautin liggji neðst í – eða neðan landnema-spildnanna.

Á fundi hagsmunaaðila sem sveitarstjórn boðaði til voru mættir fulltrúar SR, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, Landgræðslunnar, Vegagerðarinnar, minjaverndar Suðurlands og sveitarstjórnar Mýrdalshrepps auk Hjalta sem mætti fyrir hönd landnemafélagsins. Farið var um svæðið og aðstæður skoðaðar og síðan var sest niður og málin rædd. Í stuttu máli má segja að engin niðurstaða hafi fengist en ákveðið var að skoða nánar hvað hægt væri að gera. Hvergi væri nú að fá það fjármagn sem þyrfti til gerðar varanlegra varnargarða á svæðinu. Horfur væru því vægast sagt ekki góðar sem stendur hvað varðar lausn á samgöngum, sagði Hjalti að lokum.

Allmiklar umræður urðu um málið og hvernig Félag landnema gæti brugðist við þessum aðstæðum. Guðrún S. Ólafsdóttir lagði til að félagið óskaði eftir greiðslufresti á leigugjöldum til SR meðan málið væri í óvissu.

Einar Kristjánsson lagði fram eftirfarandi tillögu:

*"Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk haldinn að Elliðavatni 26. apríl 2010 skorar á nýkjörna stjórn félagsins að hún beini því til Skógræktarfélags Reykjavíkur að meðan undirbúningur að varanlegri vegagerð á Fellsmörk stendur yfir tryggi stjórn SR að vegaslóðum að og frá landnemaspildum verði haldið opnum með lágmarkskostnaði".*

Fundarstjóri bar tillögu Einars undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt með þorra atkvæða. Guðrún dró þá tillögu sína til baka.

Fundarstjóri gaf því næst Hannesi Siggasyni, nýkjörnum formanni, orðið. Hann þakkaði fundarmönnum það traust sem þeir hefðu sýnt sér og bauð jafnframt nýja fulltrúa í stjórn félagsins velkomna til starfa.

Fleira var ekki á dagskrá fundarins. Félagsmenn á fundinum voru 31. Klukkan 9:55 sagði fundarstjóri fundi slitið og bauð fundarmönnum að þiggja kaffi og meðlæti í boði stjórnar félagsins.

Björgvin Salómonsson, fundarritari